

AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

**Breyting aðalskipulags – Þjóðólfshagi 1 –
Nýtt verslunar- og þjónustusvæði**

22.12.2025



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann

f.h. Rangárbings ytra

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 12.11.2025 með athugasemdafresti til: 01.12.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

113786-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

ASK/HB

RÝNT

IS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
3.2	Landsskipulagsstefna	6
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	7
3.4	Deiliskipulag	7
3.5	Fornminjar	7
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
1.1	Breyting á uppdrætti	7
1.2	Breyting á greinargerð	7
5	NÝTT DEILISKIPULAG	8
6	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
1.3	Valkostir	8
1.4	Umhverfiþættir og áherslur	8
6.1	Mat á umhverfisáhrifum	10
6.2	Niðurstaða	10
7	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
7.1	Skipulagslýsing	11
7.2	Umsagnaraðilar	11
7.3	Skipulagsferlið	11

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþing ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið sem breytingin nær til er í landi Þjóðólfshaga 1 (L165164). Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en breyta á 6,4 ha svæði í verslunar- og þjónustusvæði sem ætlað er undir ferðapjónustu.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur sveitarfélagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landbúnaðarlandi (L) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði og heimiluð uppbygging á gistingu fyrir allt að 60 gesti í allt að 15 gestahúsum, hvert um sig um 30 m² að stærð. Skipulagssvæðið er staðsett innan jarðarinnar Þjóðólfshaga 1. Aðkoma er af Sumarliðabæjarvegi (nr. 281) um aðkomuveg að svæðinu. Skipulagssvæðið er tiltölulega flatt, en hallar eilítið til vesturs og er hæst austast.

Svæðið er grasi gróið, óræktað og hefur eitthvað verið nýtt til beitar. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er mögulega að finna starungsflóa-vist, língresis- og vingulvist, víðikjarrvist og starungamýravist. Þessar vistgerðir hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Hafa skal í huga að viðmið-unarmælikvarði vistgerðarkortlagningar er 1:25.000, því er ekki víst að þessar vistgerðir finnist innan marka skipulagssvæðisins. En einnig er svæðið innan VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi sem er mikilvægt fuglasvæði og mikilvægt er að lágmarka framkvæmdir á varptíma fugla. Búast má við að fuglar verði fyrir ónæði vegna umferðar um Sumarliðabæjaveg.

Engar þekktar náttúruminjar eru innan skipulagssvæðisins og nýtur svæðið ekki sérstakrar verndar s.s. hverfisverndar. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins. Svæðið kemur til með að tengjast dreifikerfi RARIK og hitaveitu frá Veitum. Til skoðunar er hvort hægt sé að tengjast neysluvatni frá sveitarfélaginu.

Þar sem verið er að taka landbúnaðarland úr landbúnaðarnotum skal sveitarstjórn gera grein fyrir og taka rökstudda afstöðu til sjónarmiða sem sett eru fram í 5. gr. jarðalaga¹, þ.e. hvort landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér og hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi.

Sveitarstjórn hefur metið þörf fyrir aukið framboð af verslunar- og þjónustusvæðum í sveitarfélaginu. Breytingin mætir vaxandi eftirspurn eftir þjónustu og skapar ný atvinnutækifæri í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Í stefnu aðalskipulags er lögð áhersla á að efla þjónustu við ferðamenn, fjölga afþreyingarmöguleikum og draga úr álagi af völdum

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2004081.html>

ferðamanna þar sem þess er þörf. Breytingin fellur því að heildarstefnu sveitarfélagsins um að styrkja byggðarlagið og renna stoðum undir atvinnulíf.

Aðrir valkostir, svo sem að nýta önnur svæði eða eignir hafa ekki komið fram, þá einkum vegna eignarhalds, og því ekki talist raunhæfir. Umrædd staðsetning er hagkvæm og í samræmi við markmið um að efla verslun og þjónustu, skapa ný atvinnutækifæri og styrkja byggðarlagið.

Svæðið sem breytingin nær til er ekki stærra en nauðsynlegt er til að mæta þeirri uppbyggingu sem gert er ráð fyrir. Með þessu er tryggt að landnotkun sé í hófi og í samræmi við raunverulega þörf, án þess að ganga lengra en nauðsynlegt er. Svæðið er vel gróið og rúmgott, sem gerir kleift að halda nokkru rými milli húsa til að tryggja næði. Stefnt er að því að viðhalda núverandi gróðri eins og kostur er og ganga vel frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Uppbygging er staðsett í nálægð við núverandi þjónustu, svo sem söluskálann á Landvegamótum og er í nálægð við þéttbýlið Hellu, sem styrkir aðgengi og tenginu við aðra starfsemi.

Markmið uppbyggingarinnar er að skapa áhugaverða og aðlaðandi gístiaðstöðu fyrir ferðamenn í sveitarfélaginu, í samræmi við stefnu um að efla þjónustu og fjölga afþreyingarmöguleikum. Fordæmi eru fyrir gístiþjónustu og smáhýsum í nágrenni við skipulagssvæðið sem skilgreindar eru sem landbúnaðarland, sem sýnir að fyrirhuguð landnotkun fellur vel að áformaðri starfsemi. Breytingin kemur ekki til með að skerða möguleika nærliggjandi jarða til að stunda landbúnað, þar sem hún er afmörkuð og í samræmi við núverandi landnotkun í nágrenninu.

Með breytingunni er stuðlað að fjölbreyttari atvinnu, aukinni þjónustu við ferðamenn og bættri aðstöðu til afþreyingar. Þetta er talið mikilvægt til

draga úr álagi á núverandi svæði og tryggja skipulagða þróun í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um sjálfbæra uppbyggingu.

Ekki hefur verið lokið við flokkun á landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu en sú vinna stendur yfir.



MYND 1. Yfirlitsmynd af vef HMS. Spildan er merkt með rauðu.

3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR


3.1 Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Jörðin er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið fyrir landbúnaðarland:

- Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað verði leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði stuðlað að uppbyggingu í dreifbýli sem m.a. styrkir rekstur núverandi veitu- og dreifikerfa

Í kafla 2.3.4 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um **verslunar- og þjónustusvæði**:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflur, afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggðarlagið. Dregið verður úr álagi af völdum ferðamanna þar sem þess er þörf.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.



Mynd 2. Gildandi aðalskipulagsuppráttur. Svæðið er innan rauða rammans.

3.2 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu

atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Svæðið er innan grunnvatnshlotsins Gíslholtsvötn 103-44-G. Umhverfis-markmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Þar sem ekki eru til upplýsingar um stöðu vatnshlots, er staða þess ákvörðuð óviss.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

3.5 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð gildandi aðalskipulags. Stofnað er nýtt verslunar- og þjónustusvæði og minnkar landbúnaðarland sem um nemur.

1.1 Breyting á uppdrætti

Merkt verður inn á sveitarfélagsuppdrátt nýtt verslunar- og þjónustusvæði.

1.2 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi bætist við í töflu í kafla 2.3.4 Verslun og þjónusta:

TAFLA 1. Tafla fyrir verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi.

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI GISTI-PLÁSSA	FJÖLDI GISTIPLÁSSA HEIMILD
Vp44	Þjóðólfshagi 1	Heimiluð uppbygging á gistingu fyrir allt að 60 gesti í allt að 15 gestahúsum, hvert um sig um 30 m ² að stærð. Gæta skal samræmis í útliti og yfirbragði allra mannvirkja, forðast skal að raska stærra landi en nauðsyn krefur. Uppbygging skal falla vel að náttúru og landslagi svæðisins. Í deiliskipulagi skal setja ýtarlegri skilmála um þetta. Stærð svæðis er 6,4 ha.	0	60

5 NÝTT DEILISKIPULAG

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið. Í deiliskipulagi verður m.a. gerð grein fyrir byggingarheimildum, byggingarskilmálum, veitum og aðkomu.

6 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirbyggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gert grein fyrir ákveðnum umhverfispáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi.

1.3 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

1.4 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni og nýjum deiliskipulögum verða skoðuð áhrif á umhverfispætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu hér að neðan. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

UMhverfisþáttur	UMhverfismarkmið	Matsspurningar
Land og landslag <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar. - Við uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæðis verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. - Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi. - Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands. - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landnotkun? Hefur stefnan áhrif á að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028</i> - Huga skal að því að gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda. <i>Vistgerðarkortlagning NÍ</i> - VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi. <i>60/2013 lög um náttúruvernd</i> - Stuðla að verndun líffræðilegra fjölbreytni og búsvæði dýra. <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> - Stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilbrigði <i>Mengun.</i> <i>Grunnvatn.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Öll mannvirki skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti. - Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf. <i>Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.</i> Öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum. <i>Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.</i> <i>Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.</i> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgang meðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.	Er hætta á mengun vegna stefnu skipulagsins? Kemur stefnan í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum?
Samfélag <i>Atvinnulíf.</i> <i>Íbúar.</i> <i>Ferðamenn.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> Styrkja ferðaþjónustu og auka gistirými á svæðinu í samræmi við fjölgun ferðamanna. Aðstaða skal mæta þörfum gesta um aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.	Hefur stefnan áhrif á atvinnu-tækifæri? Hefur stefnan áhrif á íbúa?

Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær. <i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?
--	--	-----------------------------------

6.1 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG

Áhrif á landnotkun og land er neikvæð/óveruleg. Uppbygging á óbyggðum hluta lands kemur óhjákvæmilega til með að breyta ásynd svæðis. Settir eru skilmálar um að gæta skuli samræmis í útliti og yfirbragði mannvirkja og forðast að raska stærra landi en þörf krefur.

Áhrif á gróður og dýr er neikvæð/óveruleg. Gróður raksast við uppbyggingu á svæðinu. Áhersla er lögð á að takmarka rask til að viðhalda náttúrulegu yfirbragði og eru settir skilmálar um að forðast að raska stærra landi en nauðsynlegt er.

Áhrif á heilbrigði er óveruleg. Farið verður eftir viðeigandi lögum og reglugerðum er snúa að fráveitumálum og því ekki talið líklegt að hætta verði vegna mengunar. Umferð verður meiri vegna tíðari ferða að og frá svæðinu.

Áhrif á samfélagið eru jákvæð. Stefna skipulagsins er atvinnuskapandi og tekjuaflandi fyrir sveitarfélagið og getur leitt af sér fjölgun íbúa. Verið er að fjölga gistirýmum og auka þjónustu við ferðamenn. Þá býður nágrennið upp á ýmsa afþreyingarmöguleika tengda útivist sem getur leitt af sér

lengri dvalartíma ferðamanna í sveitarfélaginu og aukið samkeppnishæfni þess samanborið við önnur sveitarfélög. Það eru líka óviss áhrif á nágretta vegna lýsingar, það geta bæst við 30 bílar kvölds og morgna og því óviss áhrif tengd umferð.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

GILDANDI SKIPULAG

Áhrif á landnotkun, land, gróður og dýr er óveruleg. Engin breyting. Svæðið heldur sér í núverandi ástandi.

Áhrif á heilbrigði og samfélag er óveruleg. Engin breyting.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar þekktar minjar eru á skipulagssvæðinu.

6.2 Niðurstaða

Áhersla er lögð á að byggja upp ferðaþjónustu sem styður við atvinnulíf í sveitarfélaginu og eflir nærsamfélagið. Ætla má að uppbygging

starfseminnar hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf og auki samkeppnishæfni sveitarfélagsins sem viðkomustaður ferðamanna með fjölbreytt framboð af gistirýmum og þjónustu. Uppbygging hefur alltaf áhrif á ásýnd svæðis en vanda skal til hönnunar og eru ákvæði sett um að uppbygging skuli falla vel að landslagi og umhverfi svæðisins og að forðast skuli að raska stærra svæði en nauðsyn krefur. Í heildina litið telur sveitarfélagið að áhrif skipulagsins séu óveruleg/jákvæð.

7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

7.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst í nóvember 2025. Umsagnir bárust frá: Mílu, Veitum, Brunavörnum Rangárvallasýslu, Rarik, Vegagerðinni, Landsnet, Skipulagsstofnun og Náttúruverndarstofnun.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

7.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Ásahreppur

7.3 Skipulagsferlið


Reiknað er með að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt í byrjun árs 2026, auglýst í vor og staðfest næsta sumar.

Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Þjóðólfshagi 1



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR

Skýringar

- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Íbúðarbyggð
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Hverfisvernd
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Reiðleið
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Rafveita, loftlína
- Vatnsveita
- Sveitarfélagmörk
- Svæði sem breytingin nær til

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.



Breyting - aðalskipulags
Þjóðólfshagi 1

Verk: 113786
Unnið: IS

Blaðstærð: A4
Rýnt: HB

Mælikvarði: 1:50.000

Dags: 22.12.2025